



GARÐABÆR

Hjólreiðastefna Garðabæjar 2025–2030

Skjal sótt af '000000000000' dags: 24.03 2026



Drög 5. mars 2026

Ávarp stýrihóps

Hjólreiðastefna Garðabæjar 2025-2030

Reiðhjólíð kom fyrst fram á sjónarsviðið á 19. öld og hefur svo sannarlega sett mark sitt á heiminn síðan. Víða um heim eru reiðhjól einn helsti samgöngumáti fólks, enda aðgengilegt, þægilegt og ódýrt farartæki. Talið er að yfir milljarður reiðhjóla sé í notkun í heiminum, sem er rúmlega tvöfalt meiri en fjöldi bíla. Í dag eru reiðhjól ekki aðeins notuð til samgangna og ferðalaga heldur einnig afþreyingar og íþróttaiðkunar.

Umfang hjólreiða á Íslandi hefur aukist mikið á undanförunum árum. Þá hefur tilkoma rafmagnshjóla breytt hjólreiðamenningu og gert fleirum kleift að hjóla og fara lengri vegalengdir í senn. Hjólreiðar eru frábær leið til þess að auka við hreyfingu og útiveru í daglegu lífi.

Aðstæður til hjólreiða í Garðabæ eru að mörgu leyti góðar. Bærinn er staðsettur miðlægt á höfuðborgarsvæðinu þannig að hægt er að komast reiðhjóli um stóran hluta þess á innan við 20 mínútum. Garðbæingar njóta einnig þeirra forrættinda að búa í grennd við fallega náttúru þar sem margir hafa ánægju af því að stunda útivist og hreyfingu á reiðhjólum. Víða er gott aðgengi að eftirsóknarverðum áningarstöðum á hjóli innan sveitarfélagsins, auk þess sem ferðatími innanbæjar getur oft verið skemmri á hjóli en á bíl. Það sem upp á vantar er skýr stefnumótun og markvissar úrbætur þar sem þeirra er þörf.

Það gleður okkur því að kynna löngu tímabæra hjólreiðastefnu fyrir Garðbæinga. Markmiðið með stefnunni er að skapa betri aðstæður til hjólreiða og bæta ímynd þeirra þannig að Garðbæingar á öllum aldri velji að fara fleiri ferðir á hjóli.

Hjólástígar verða hluti af samgönguneti Garðabæjar þar sem hugað verður að innviðum með því að bæta tengingar, öryggi og aðgengi. Skapa þarf aðstæður til að hjólreiðar verði auðveldur og eftirsóttur valkostur sem grænn og heilsuvænn ferðamáti – í aðlaðandi umhverfi árið um kring.

Stella Stefánsdóttir, formaður umhverfisnefndar
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, bæjarfulltrúi

Efnisyfirlit

1. Forsendur

1.1.	Aðdragandi og viðfangsefni	5
1.2.	Núverandi aðstæður	6
1.2.1.	Umferð hjólandi	6
1.2.2.	Ferðavenjukönnun	7
1.3.	Tengsl við aðrar áætlanir	8
1.3.1.	Stígar í Aðalskipulagi Garðabæjar	8
1.3.2.	Ábendingagátt um stíga í Garðabæ	9
1.3.3.	Stefnur Garðabæjar	9
1.3.4.	20 mínútna hverfið	9

2. Hjólreiðastefna Garðabæjar

2.1.	Markmið	11
2.1.1.	Markmið 1	12
2.1.2.	Markmið 2	13
2.1.3.	Markmið 3	14
2.1.4.	Markmið 4	15
2.1.5.	Markmið 5	16
2.2.	Mögulegar útfærslur hjólastíga	17
2.2.1.	Uppbygging hjólastíga og aðskilnaður	17
2.2.2.	Forgangsröðun verkefna	18



GARÐABÆR

Stýrihópur:

Hrönn Hafliðadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála
Kári Jónsson, íþrótt-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi
Stella Stefánsdóttir, formaður umhverfisnefndar
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, bæjarfulltrúi

Ráðgjöf, teikningar og umbrot:

Landslag ehf.

1. Forsendur

1.1. Aðdragandi og viðfangsefni


Tilgangur hjólreiðastefnu Garðabæjar er að auka hlutdeild hjólandi vegfarenda í Garðabæ. Í kafla 2 eru sett fram markmið og leiðir að markmiðum.

Aðdragandi stefnunnar er að bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 5. maí 2022 að skipa stýrihóp til að vinna fimm ára hjólreiðaáætlun fyrir Garðabæ. Gott samráð var við ýmsa hagsmunaaðila í upphafi vinnu við mótun stefnunnar, meðal annars íþróttafélög í Garðabæ og Landsamtök hjólreiðamanna.

Hjólreiðar sem ferðamáti hafa aukist til muna á undanförunum árum og um leið hafa kröfur til innviða fyrir hjólreiðar aukist. Garðabær á góða möguleika á að verða frábær hjólabær vegna landslags og staðsetningar á höfuðborgarsvæðinu. Í góðum hjólabæ er það jafngóður eða betri kostur að hjóla til daglegra starfa eða frístunda en að fara sömu erinda akandi. Auk þess fá hjólandi „ráðlagðan“ dagskammt af hreyfingu og útiveru á ferðum sínum. Hjólreiðar eru vistvænn samgöngumáti sem getur stuðlað að bættri lýðheilsu.

Vegna miðlægrar staðsetningar Garðabæjar á höfuðborgarsvæðinu er mögulegt að komast á rafmagnshjól frá miðbæ Garðabæjar að stórum hluta höfuðborgarsvæðisins vestan Elliðaáa á innan við 20 mínútum. Á venjulegu reiðhjóli er hægt að komast að flestum hverfum Garðabæjar, Hafnarfjarðar og Kópavogs á sama tíma. Vert er að benda á að einstaklingur sem hjólar einu sinni í viku í stað þess að gera það aldrei breytir ferðavenjum sínum um 20 prósent.

- 30 mínútur frá Garðatorgi
- Hjólandi (15 km/klst)
Rafmagnshjól: 20 mín
- Gangandi (5 km/klst)



Mynd 0 Hvað kemstu langt gangandi/hjólandi - kort Vistorku.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.03 2026

1.2. Núverandi aðstæður

1.2.1. Umferð hjólandi

Í stígaskipulagi og hjólreiðastefnu Garðabæjar er gert ráð fyrir að með tímanum byggist upp net hjólastíga sem eru aðgreindir frá göngustígum.

Umferð hjólandi vegfarenda á stígum er í samræmi við umferðarlög nr. 77/2019. Núverandi aðstæður á stígum Garðabæjar er blönduð umferð gangandi og hjólandi vegfarenda. Á blönduðum stígum skal hjólreiðafólk gæta varkárni og ekki hjóla hraðar en svo að geta vikið úr vegi fyrir gangandi vegfarendum sem eiga leið um.

Hjólandi á leið til vinnu eða frístunda eru gjarnan á hraða 10-25 km/klst meðan gangandi og hlaupandi eru á hraða 3-10 km/klst. Með vaxandi þátttöku gangandi og hjólandi í umferðinni verður þörfin fyrir aðgreiningu forsenda fyrir öruggum og skilvirkum samgönguhjólræiðum. Það á jafnt við um stofnleiðir höfuðborgarsvæðisins og mikilvægustu leiðir innan Garðabæjar. Það hefur áhrif á val á ferðamáta ef hjólreiðar til vinnu eða frístunda taka lengri tíma en 20-25 mínútur. Á undanföllum árum hafa hjólreiðar aukist í miklum mæli á Íslandi en samkvæmt tölum Hagstofunnar um innflutning á reiðhjólum þá tvöfaldaðist magnið á árunum 2020-2023. Þessi fjölgun stafar að miklu leyti vegna rafmagns- og hlaupahjóla, með þessari nýju tækni aukast tækifæri til hjólreiða.

Notendur hjólastíga geta verið breiður og fjölbreyttur hópur á öllum aldri með mismunandi þarfir og á mismunandi getustígum. Stígarnir þurfa að vera hannaðir með tilliti til fjölbreytni notenda til að tryggja þægindi, öryggi og aðgengi fyrir alla. Fólk nýtir sér stígana fyrir hjólreiðar til og frá vinnu sem er hagkvæmur og vistvænn ferðamáti. Börn og unglingar notfæra sér hjólastíga til að hjóla í skóla og á íþrótt- og tómstundaæfingar. Hjólastígar eru einnig vinsælir til afþreyingar, hreyfingar, útivistar og skemmtunar. Fólk með skerta hreyfigetu getur einnig notfært sér hjólastíga þar sem þeir eru hentugir fyrir rafknúin hjálpartæki, hjólastóla jafnt sem aðra sambærilega ferðamáta.



Mynd 1 Fjölbreyttir ferðamátar á hjólastígum.


Ávinningur þess að nota hjólreiðar sem ferðamáta er margskonar. Hjólreiðar stuðla að bættri lýðheilsu með góðri og skemmtilegri hreyfingu. Þær eru hagkvæmur og umhverfisvænn ferðamáti sem stuðlar að bættum loftgæðum. Hjólreiðar veita aukið frelsi og geta verið góður kostur til þess að spara tíma með styttri vegalengdum, sérstaklega í umferðateppum. Með því að nota hjólreiðar sem ferðamáta skapast einnig hversdagsleg mannamót og hjólreiðafólk styrkir nærumhverfið með því að taka þátt í daglegu lífi hins byggða umhverfis og gera umhverfið mannlegra. Með bættum innviðum og aðstæðum bæjarins er hægt að hvetja íbúa til að fara ferða sinna á vistvænni máta, til dæmis hjólandi.

Það er ljóst að vægi hjólreiða í samfélaginu fer ört vaxandi. Með markmiðum Hjólreiðastefnunnar og bættum innviðum fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur styðjum við undir þessa mikilvægu þróun. Hvetjum íbúa til að fara ferða sinna gangandi eða hjólandi, stuðlum þannig að bættri lýðheilsu íbúa og sjálfbærari framtíð fyrir komandi kynslóðir. Hjólafærni veitir einstaklingum öryggi og tækifæri til að njóta þessa skemmtilega ferðamáta á ferðalögum innan lands sem utan.

1.2.2. Ferðavenjukönnun

Ferðavenjukönnun var gerð á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) árið 2022 þar sem mældar voru ferðavenjur fólks fyrir alla samgöngumáta og voru niðurstöður teknar saman fyrir hvert hverfi í Reykjavík. Niðurstöður sýndu fram á það að 18,8% íbúa fannst vanta betri hjólastíga og 14,5% íbúa töldu þörf á betri vetrarþjónustu til að notast í auknum mæli við hjólreiðar sem ferðamáta. Einnig kom fram að 10,7% íbúa töldu þörf á þéttara neti hjólastíga og um 2,9% fannst vanta styttri vegalengdir til að hjóla oftar.

Hjólreiðastefna Garðabæjar tekur mið af þessum niðurstöðum og leggur áherslu á að bæta innviði til hjólreiða og stuðla að sem bestum aðstæðum allt árið um kring.



1.3. Tengsl við aðrar áætlanir


1.3.1. Stígakerfið í Aðalskipulagi Garðabæjar

Á liðnum áratug hefur verið unnið að lagningu stofnstíga sem eru 3 metra malbikaðir og upplýstir stígar fyrir blandaða umferð gangandi og hjólandi, í samræmi við gildandi aðalskipulag. Unnið er að endurskoðun stígakerfisins í 4. kafla Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030. Í vinnslutillögu að stígaskipulagi, sem kynnt var vorið 2025, eru stígar skilgreindir sem stígar með samgönguhlutverk og stígar með útivistarhlutverk, þó vissulega geti samgöngustígur haft útivistarhlutverk og öfugt.

Stígaskipulagið gerir ráð fyrir möguleika á aðskildum hjólastígum eða aðgreindum hjólahluta á stofn- og tengistígum og á ákveðnum útivistarleiðum við strandlínuna og á græna stígnum. Í stígaskipulaginu eru sett fram viðmið um hönnun og yfirbragð stígagerða til dæmis varðandi lágmarksbreidd tvístefnu hjólastíga (2,5 m), einstefnu stofnstíga (2,2 m) og einstefnu tengistíga (1,8 m). Skilmálar stígaskipulagsins miða við að breidd skuli aukin þar sem þörf krefur, hjólastígar skuli vera malbikaðir með góðri vatnsræsingu og hellulögn aðeins leyfð á stuttum köflum til að draga úr hraða í sameiginlegu rými hjólandi og gangandi. Jafnframt eru sett fram viðmið um hönnun áningarstaða, götugögn, hjólastæði og stígalýsingu.

Á korti hér á síðunni sést stígakerfi í þéttbýli Garðabæjar samkvæmt vinnslutillögu aðalskipulagsbreytingar sem var í forkynningu vorið 2025. Tillagan er enn í vinnslu og á eftir að fara í formlega auglýsingu skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Stíganet Garðabæjar - drög kynnt vorið 2025



1.3.2. Ábendingagátt um stíga í Garðabæ


Sumarið 2023 var opnuð ábendingagátt á heimasíðu Garðabæjar þar sem íbúar fengu tækifæri til þess að senda inn athugasemdir og hugmyndir varðandi stígakerfi Garðabæjar. Innsendingarnar fjölluðu að stórum hluta um aukna þörf fyrir bætt öryggi á ýmsum stöðum í hverfum, á gatnamótunum og á tengingum milli hverfa. Landsamtök hjólreiðamanna gerðu öryggisúttekt á Hafnarfjarðarstíg í gegnum Garðabæ þar sem fram komu þau atriði sem bæta þarf til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Hjólreiðastefnan og stígaskipulag Garðabæjar tekur mið af ábendingum. Með endurbættu stígakerfi, tengingum og gatnamótum er unnið útfrá þörfum hjólandi og gangandi vegfarenda og öryggi þeirra haft að leiðarljósi.

1.3.3. Stefnur Garðabæjar og aðrar áætlanir

Hjólreiðastefna Garðabæjar tengist öðrum stefnum bæjarins m.a. loftslagsstefnu, lýðheilsu- og forvarnarstefnu og umhverfisstefnu auk áætlana eins og Landskipulagsstefnu, Samgöngusáttmála, Hönnunarleiðbeiningar fyrir hjólreiðar og Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Garðabær hefur innleitt Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og tengist hjólreiðastefnan við markmið um lýðheilsu, sjálfbærar borgir og loftslagsaðgerðir. Garðabær hefur jafnframt innleitt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og er Barnvænt sveitarfélag sem undirstrikar að réttindi og raddir ungu kynslóðarinnar skipta máli. Hjólreiðastefnan tekur mið af þörfum unga fólksins með markmiðum um öruggar og aðgengilegar leiðir fyrir börn og ungmenni til og frá skóla, frístundastarfi og íþróttasvæðum. Lýðheilsu- og forvarnarstefna Garðabæjar miðar að því að byggja upp heilsueflandi samfélag þar sem lýðheilsa er lykilatriði í ákvarðanatöku. Hjólreiðastefnan fylgir áherslum stefnunnar með því að leggja áherslu á bættar hjólaleiðir til að efla vistvænar samgöngur, styrkja lýðheilsu íbúa, hvetja til heilbrigðari lífsstíls, stuðla að hreyfingu og jákvæðum félagslegum samskiptum með hversdagslegum mannamótum.

1.3.4. Höfuðborgarsvæðið 2040 - 20 mínútna hverfið

Leiðarljós svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins er að borgarbyggðin mótist af viðmiðum um 20 mínútna hverfi þar sem íbúar geta sinnt daglegum athöfnum í nálægð við heimili sitt og að öll helsta þjónusta sé innan 20 mínútna göngufjarlægðar. Lögð er áhersla á hjóla- og gönguvænt umhverfi frá bæjarkjörnum og út í hverfi, með vel hönnuðum, sólríkum og skjólgóðum almenningssrymum sem hvetja til útiveru og notkun vistvænna samgangna. Hjólreiðastefna Garðabæjar miðar að því að bæta innviði fyrir hjólandi vegfarendur og byggir á hugmyndafræði svæðisskipulagsins með það að markmiði að skapa umhverfi sem hvetur fólk til að fara ferða sinna hjólandi.



Mynd 4 Skýringarmynd úr svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.



Mynd 3 Heimsmarkmið.

2. Hjólreiðastefna Garðabæjar


2.1. Markmið

Markmið með hjólreiðastefnu Garðabæjar er að skapa betri aðstæður til hjólreiða og auka hlutdeild þeirra sem nota hjólreiðar sem ferðamáta.

Hjólástígar verði hluti af samgönguneti Garðabæjar og að hjólreiðar verði auðveldur og eftirsóttur valkostur sem grænn og heilsuvænn ferðamáti.

Lykillinn að því að gera hjólreiðar að raunhæfum ferðakosti er aðlaðandi, skilvirkt og öruggt kerfi hjólástíga sem tengja saman nærliggjandi bæjarfélög, bæjarhluta, hverfi, þjónustukjarna og græn svæði án hindrana.


Í dag er hlutdeild þeirra sem nýta sér reglulega hjólreiðar sem ferðamáta til og frá vinnu og skóla 10% skv. ferðavenjukönnun SSH 2022. Úrtakið var lítið og spurt um ferðamáta tiltekna daga. Leiða má líkur að því að þetta sé hærra en raunverkuleikinn. Stefnt er að því að fyrir árið 2030 muni 15% nýta sér hjólreiðar sem ferðamáta reglulega. Jafnframt er stefnt að því að fyrir árið 2030 muni 30% skólabarna nýta sér hjólreiðar sem ferðamáta til og frá skóla. Markmið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins er að árið 2040 verði hlutdeild gangandi og hjólandi 30% af öllum ferðum innan svæðisins.



Mynd 5 Markmið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um hlutdeild hjólreiða.

Til að auka hlutdeild hjólreiðafólks um stígakerfi Garðabæjar eru sett fram fimm yfirmarkmið, undirmarkmið og leiðir að aðgerðum til að ná settum markmiðum sem er fjallað um á næstu síðum. Yfirmarkmiðin eru eftirfarandi:

- Aukin hlutdeild hjólreiða, bætt ímynd og hjólafærni**
- Bættar tengingar, öryggi og aðgengi**
- Bætt lýðheilsa**
- Hjólreiðar allan ársins hring**
- Bættir innviðir og aðlaðandi umhverfi**



Markmið 1

Aukin hlutdeild hjólreiða, bætt ímynd og hjólafærni

Undirmarkmið



1.1. Fyrir árið 2030 muni 15% íbúa Garðabæjar nýta hjólreiðar reglulega sem ferðamáta.




1.2. Fyrir árið 2030 muni 30% skólabarna nýta sér hjólreiðar sem ferðamáta til og frá skóla.

Leiðir að markmiðum



- Fræðsluátök og áhersla á samvinnuverkefni um hjólreiðar fyrir íbúa, nemendur og fyrirtæki í Garðabæ sem stuðla að aukinni hjólafærni allra aldurshópa. Dæmi um slíkt eru samanburður á ferðatíma mismunandi ferðamáta og fræðslu um heilsufarslegan ávinning hjólreiða.
- Styrkja hjólamenningu með viðburðum til dæmis hjólreiðadagar í skólum eða samfélagsviðburðum og leggja áherslu á jákvæða ímynd hjólreiða sem hraðan, heilbrigðan og vistvænan samgöngumáta.
- Nýta hjólateljara á lykilstígum (t.d. á athafna-, útivistar- eða miðsvæðum, við skóla eða stíga milli sveitarfélaga) til að safna gögnum um hlutdeild hjólandi, fylgjast með aukningu og nýta í fræðslu.
- Framkvæma könnun á ferðavenjum til að fylgjast með framgangi ofangreindra markmiða.
- Bæta skilvirkni og gæði hjólreiðavænna stíga í Garðabæ.
- Samþætting hjólreiða við almenningssamgöngur.



Markmið 2

Bættar tengingar, öryggi og aðgengi

Undirmarkmið

2.1. Stígakerfi Garðabæjar verði öruggt og aðlaðandi.

2.2. Stofnstígar tengi Garðabæ við nærliggjandi sveitarfélög.

2.3. Skilvirkt kerfi stofnstíga verði styrkt sem tengi saman hverfi og bæjarhluta.

2.4. Áhersla verði á bætt aðgengi að skólum, verslunar- og þjónustukjörnum, íþróttamiðstöðvum og biðstöðvum almenningssamgangna.

Leiðir að markmiðum



- Uppbygging hjólastíga verði í samræmi við skilmála aðalskipulags sem fjalla um stígakerfi Garðabæjar.
- Hönnun hjólastíga verði í samræmi við Hönnunarleiðbeiningar fyrir hjólreiðar fyrir sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins.
- Umferð gangandi og hjólandi verði aðskilin á stofnstígum af gerð A.
- Umferð gangandi og hjólandi verði aðskilin á stofn- og tengistígum eftir aðstæðum og uppbygging í samræmi við stígaskipulag Garðabæjar.
- Tryggja öruggar tengingar yfir umferðamiklar götur til dæmis með aðlaðandi undirgöngum eða brúm.
- Tryggja skal öryggi við hönnun hjólastíga til dæmis gæta að sjónlengdum og að ekkert valdi hættu í og við stígana.



Markmið 3

Bætt lýðheilsa

Undirmarkmið

3.1. Aðgengi hjólandi að útivistarsvæðum verði aukið og auðveldað.

3.2. Styrkja hjólreiðar sem ferðamáta til að draga úr loftmengun og stuðla að aukinni almennri vellíðan.

Leiðir að markmiðum



- Leggja áherslu á heilsufarslegan ávinning hjólreiða í fræðsluefni með bæklingum eða efnissköpun á samfélagsmiðlum.
- Uppbygging hjólastíga á leiðum sem tengja hverfi / íbúa við útivistarsvæði við strandlínuna og í upplandi Garðabæjar.
- Uppbygging áningarstaða í stígakerfinu í samræmi við stígaskipulag Garðabæjar til að auka aðgengi allra.
- Unnið sé út frá Lýðheilsu- og forvarnarstefnu Garðabæjar.
- Átök til að minnka loftmengun þar sem fólk er hvatt til að velja hjólreiðar eða draga úr bílferðum í erindum sínum í ákveðinn tíma.



Markmið 4

Hjólreiðar allan ársins hring

Undirmarkmið

4.1. Árstíðarbundin þjónusta verður í forgangi á stofnstígum.

4.2. Rými verði til staðar fyrir snjóruðning í göturýmum svo snjó verði ekki mokað á stíga.

4.3. Lýsing á stígum verði góð og örugg.

4.4. Skjólmyndun höfð að leiðarljósi við hönnun á umhverfi við stíga.

Leiðir að markmiðum

- Snjóruðningur og hálkuvörn hjólaleiða verði í forgangi og lokið á stofnstígum fyrir kl. 07:30.
- Upplýsingar um þjónustu á hjólastígum verði ávallt á kortavef Garðabæjar.
- Hjólastígar verði sópaðir þegar vorar og eftir þörfum.
- Í deiliskipulagi verði gert ráð fyrir snjósöfnunarsvæðum.
- Bæta lýsingu á núverandi stígum.
- Hvetja til vetrarhjólreiða með fræðsluefni um vetrarbúnað hjóla og þjónustu á stígum.
- Lokuðum hjólaskýlum verði komið upp við helstu stofnanir og fyrirtæki bæjarins.
- Skýrar og öruggar hjáleiðir verði ávallt fyrir hjólandi vegna framkvæmda á stígum eða við þá.
- Tryggja skjól fyrir veðri og vindum án þess að skerða útsýni eða öryggi vegfarenda.



Markmið 5

Bættir innviðir og aðlaðandi umhverfi

Undirmarkmið

5.1. Núverandi innviðir verði efldir og breytt í samræmi við aðalskipulag um stígakerfi Garðabæjar.

5.2. Við hönnun og endurnýjun gatna verði gert ráð fyrir hjólastígum frá upphafi.

5.3. Umhverfi hjólastíga verði upplifunarríkt og aðlandi með grænu yfirbragði.

5.4. Hugað verði að skjólmyndun við hjólastíga.

Leiðir að markmiðum

- Kantsteinar verði teknir niður og þveranir upphækkaðar þar sem þess er þörf.
- Skilti og merkingar á blönduðum stígum sýni tvístefnu og leiðbeini gangandi og hjólandi að halda sig hægra megin.
- Gera skal ráð fyrir hjólaleiðum við deiliskipulagsgerð svæða í og við þéttbýli Garðabæjar.
- Fjölga áningarstöðum við hjólastíga í samræmi við stígaskipulag Garðabæjar.
- Viðgerðarstöðvum fyrir hjólandi verði fjölgað og stærri fyrirtæki hvött til að koma upp hleðslustöðvum.
- Hjólastæðum fjölgað við áningarstaði og sett upp lokuð hjólaskýli við skóla og stofnanir. Fyrirtæki hvött til að gera hið sama.
- Rennur settar við tröppur þar sem aðgengi hjólandi er ekki tryggt.
- Gróðursetning meðfram stígum fyrir skjól og yndisauka. Gæta skal að nálægð við stíg og sjónlengdum.

2.2. Mögulegar útfærslur hjólastíga í Garðabæ

2.2.1. Uppbygging hjólastíga og aðskilnaður

Uppbygging hjólastíga í Garðabæ tekur tíma og fer eftir þeim leiðum sem settar eru fram í stíganeti stígaskipulagsins og framkvæmdaáætlun hverju sinni. Til að byrja með verður gert ráð fyrir blandaðri umferð á núverandi stígum í bæjarfélaginu en umferð verði aðskilin eða aðgreind við uppbyggingu nýrra stíga eða endurhönnun á þeim eldri. Í stígaskipulagi Garðabæjar er gert ráð fyrir að stofn- og tengistígar skiptist í gerð A, þar sem hjólastígur er aðskilinn frá göngustíg, og gerð B, þar sem gangandi og hjólandi deila sama rými í blandaðri umferð.

Núverandi aðstæður

Sameiginlegir stígar



Fyrstu skref

Blandaðir stígar. Merkingar og miðlína gefa til kynna tvístefnu og að umferð gangandi og hjólandi haldi sig hægra megin m.v. umferðarleið.



Framtíðarsýn

Aðskilinn hjólastígur á stofn- og tengistígum þar sem aðstæður leyfa.



2.2.2. Forgangsröðun verkefna

Hjólreiðastefna Garðabæjar miðar við eftirfarandi forgangsröðun verkefna við uppbyggingu hjólastíga í þéttbýli. Við ákvörðun forgangs skal meta mikilvægi leiða með tilliti til öryggis, aðgengis og notendaupplifunar. Uppbygging hjólastíga fer fram í samræmi við skilmála og stíganet sem sett er fram í aðalskipulagi Garðabæjar.

1. Breyta skiltum og merkingum á núverandi stígum

Miðlína merkt á yfirborði núverandi stíga á mikilvægum leiðum og sett upp skilti sem gefa til kynna að gangandi og hjólandi haldi sig hægra megin í blandaðri umferð. Lögð er áhersla á stíga nálægt skólum, stofnunum, miðbæ og hverfiskjörnum.

2. Byggja upp aðskilda hjólastíga á nýjum stofnstígum

Leiðir sem eru í forgangi eru stofnstígar með mikilli umferð þ.e. stígar sem tengjast nágrannasveitarfélögum, nýjar tengingar milli hverfa og við kjarnastöðvar almenningssamgangna.

3. Merkja hjólareinar í göturými

Hjólareinar merktar þar sem verði við komið í göturými tengibrauta þar sem umferð er ekki mikil. Merkingar skulu vera á yfirborði og með skiltum í samræmi við umferðarlög og Hönnunarleiðbeiningar fyrir hjólreiðar.

4. Byggja upp aðskilda hjólastíga á núverandi stofnstígum

Leiðir sem eru í forgangi eru stofnstígar sem tengjast skólum, stofnunum og íþróttasvæðum, tengingar milli hverfa, við kjarnastöðvar almenningssamgangna og útivistarsvæði.

5. Byggja upp aðskilda eða aðgreinda hjólastíga á tengistígum

Leiðir sem eru í forgangi eru tengistígar á núverandi eða nýjum leiðum sem tengja skóla, stofnanir og hverfiskjarna við net stofnstíga.



Skjal sótt af '00000000000' dags: 24.03 2026

